



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Eintak án trúnaðar.

Föstudagurinn, 22. nóvember, 2019

Ákvörðun nr. 40/2019

Samruni Fréttablaðsins og Hringbrautar

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 18. október 2019 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Torgs ehf. útgáfufélags Fréttablaðsins (hér eftir Torg) á öllu hlutafé í Hringbraut Fjölmiðlum ehf. (hér eftir Hringbraut). Í tilkynningunni var óskað eftir undanþágu frá því lagaákvæði að samruninn komi ekki til framkvæmda á meðan eftirlitið fjallar um málið, sbr. 4. mgr. 17. gr. a. laga nr. 44/2005, enda væru skilyrði ákvæðisins að mati samrunaaðila uppfyllt. Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Um er að ræða svonefnda lengri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann.

Með bréfi, dags. 25. október 2019, veitti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum undanþágu til þess að fá að framkvæma samrunann skv. 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Var undanþágan veitt á grundvelli aðstæðna í málinu en fjárhagsstaða Hringbrautar hefur verið bág. Undanþágan var veitt með því skilyrði að ekki yrði aðhafst nokkuð í rekstri Hringbrautar á undanþágutímanum, sem ómögulegt væri að vinda ofan af, yrði ekki að samrunanum.

Vegna athugunar málsins fundaði Samkeppniseftirlitið með fjölmiðlanefnd enda felur samruninn í sér samruna fjölmiðlaveitna í skilningi 62. gr. b. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í kjölfar fundarins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir tilteknum viðbótarupplýsingum frá samrunaaðilum auk þess sem óskað var formlegrar umsagnar fjölmiðlanefndar um áhrif samrunans á fjölræði og fjölbreytni í samræmi við ákvæði 62. gr. b. fjölmiðlalaga. Umsögn fjölmiðlanefndar barst með bréfi þann 7. nóvember 2019. Var það álit fjölmiðlanefndar að samruninn væri, miðað við tilteknar forsendur, ekki til þess fallinn að hafa skaðleg áhrif á fjölræði og/eða fjölbreytni í fjölmiðlun á fjölmiðlamarkaði. Umbeðnar upplýsingar bárust frá samrunaaðilum með tölvubréfum, dags. 28. október og 12. nóvember 2019.

II.

Samruninn og aðilar hans

Í samrunaskrá segir að Torg sé einkahlutafélag og tilgangur þess samkvæmt samþykktum sé fjölmiðlun og önnur skyld starfsemi. Torg sé útgáfufélag Fréttablaðsins og reki fréttavefinn frettabladid.is og gefi út tímaritið *Glamour*. Á vef fjölmiðlanefndar sé Torg skráð fyrir eftirfarandi miðlum: [Fréttablaðinu](http://frettabladinu), [Frettabladid.is](http://frettabladid.is), [Markaðnum](http://markadnum), [Markadurinn.is](http://markadurinn.is), [Glamour](http://glamour), [Glamour.is](http://glamour.is) og [Icelandmag.is](http://icelandmag.is) og eftirfarandi vefsetrum: www.frettabladid.is, www.markadurinn.is, www.glamour.is, og www.icelandmag.is.



Dótturfélag Torgs sé Torg Prentfélag ehf. Enginn rekstur sé í því félagi, en Torg eigi prentsmiðjuna sem prenti Fréttablaðið. Rekstur hennar sé innan Torgs.

Hringbraut sé einkahlutafélag og tilgangur þess sé rekstur fjölmiðla, s.s. útvarps og vefsíðu, rekstur framleiðsludeildar og önnur tengd starfsemi, s.s. blaðaútgáfa. Á vef Fjölmiðlanefndar sé Hringbraut skráð fyrir vefsetrinu: hringbraut.is.

Starfsemi Hringbrautar sé á markaðnum fyrir rekstur sjónvarpsstöðvar og vefsíðu, auk þess sem félagið hafi tekið að sér einstök og mjög afmörkuð framleiðsluverkefni fyrir sjónvarp.

Í samrunskrá segir að rekstur fjölmiðla, ekki síst útgáfu dagblaða hér á landi, hafi verið erfiður undanfarin ár. Það sé því enginn vafi á því að hagræða þurfi vel í rekstri þeirra og reyna að nýta hvert einasta sóknarfæri sem skapist til að treysta rekstrargrundvöll þeirra. Að mati Torgs muni starfsemi Hringbrautar efla starfsemi félagsins bæði út á við og inn á við. Aðilar sjái sóknarfæri í því að [

]¹

Samruni skv. fjölmiðlalögum

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar. Ljóst er að í viðskiptunum felst samruni skilningi laganna en í samrunaskrá kemur fram að Torg hafi með samningi, dags. 11. október 2019, tekið yfir allt hlutafé í Hringbraut.

Samkvæmt 1. mgr. 62. gr. b. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna sem a.m.k. ein fjölmiðlaveita með minnst 100 m. kr. ársveltu á Íslandi á aðild að. Skilgreining á samruna í fjölmiðlalögum er í samræmi við skilgreiningu samkeppnislaga.

Af framangreindu leiðir að kaupin fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga og hann því rannsakaður á grundvelli samrunareglna laganna.

III.

Niðurstaða

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðu málsins og þeim helstu sjónarmiðum og upplýsingum sem aflað hefur verið vegna samrunans.

1. Markaðir málsins

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiði til þess að líta verði á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni sjálfri og hvar hún er seld.

Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar að fyrirtækin starfi á sex eftirtöldum mörkuðum:

1. Markaðurinn fyrir útgáfu fríblaða, sem sé starfsemi Torgs í dag.
2. Markaðurinn fyrir sjónvarpsstöðvar í opinni dagskrá sem fjármagnar sig með sölu auglýsinga, sem sé starfsemi Hringbrautar í dag.
3. Markaðurinn fyrir fréttamiðlun á netinu, sem sé starfsemi Torgs og Hringbrautar í dag.
4. Markaðurinn fyrir sjónvarpsveitu á netinu, sem sé starfsemi Hringbrautar í dag.
5. Markaðurinn fyrir framleiðslu á sjónvarpsefni, sem sé starfsemi Hringbrautar.
6. Markaðurinn fyrir sölu auglýsinga í opnu sjónvarpi, í dagblöðum og á netinu, sem sé starfsemi Hringbrautar og Torgs í dag, þó almennt hafi auglýsingamarkaðnum verið skipt upp eftir eðli miðla, sbr. m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017, Samruni Fjarsskipta hf. og 365 miðla hf.

Að mati samrunaaðila hafi samruninn í för með sér lárétt áhrif á tveimur mörkuðum, þ.e. annars vegar á markaðnum fyrir fréttamiðlun á netinu og hins vegar markaðnum fyrir sölu auglýsinga í fjölmiðlum.

Samkeppnisyfirvöld hafa í fyrri úrlausnum sínum skilgreint markaðinn fyrir fjölmiðla, sbr. t.d. framangreinda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 42/2017. Í því máli, sem varðaði samruna Fjarsskipta (í dag Sýn) og 365 miðla, voru teknir til skoðunar ýmsir markaðir fjölmiðlunar, þ. á m. markaðurinn fyrir netmiðla og auglýsingar á vefnum. Komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu að útgáfa vefmiðla væri einn af mörkuðum málsins. Þar sem samruninn hafði takmörkuð áhrif á sölu auglýsinga á vefnum taldi eftirlitið ekki forsendur til þess að skilgreina þann markað sérstaklega.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er útgáfa vefmiðla sá markaður sem þessi samruni kemur einkum til með að hafa áhrif á. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins telur eftirlitið hvorki forsendur til þess að skilgreina þann markað nánar eða að skilgreina sérstakan markað fyrir auglýsingar á vefnum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður málsins Ísland þar sem samrunaaðilar gefa út fjölmiðla á íslensku og efni þeirra er beint að íslenskum neytendum. Þess ber þó að gæta að erlend samkeppnislegt aðhald frá vefmiðlum í sölu auglýsinga er töluvert og þá einkum í gegnum samfélagsmiðla, s.s. Facebook og Instagram.

2. Samkeppnisleg áhrif og áhrif samrunans á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun

Í máli þessu er yfirtaka Torgs á Hringbraut tekin til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og fjölmiðlalaga um samruna. Því þarf að taka til skoðunar hvort samruni þessara fyrirtækja hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreinda markaði málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c.



samkeppnislaga. Jafnframt þarf að taka til skoðunar hvort samruninn hafi skaðleg áhrif á fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun, sbr. 8. mgr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga.²

2.1 Sjórnarmið samrunaaðila um áhrif samrunans

Samrunaaðilar telja að samruninn hafi varla mælanleg áhrif á þá markaði, þar sem samkeppnisleg skörun sé á milli aðila og hvað þá aðra markaði. Samrunaaðilar telja að einn mikilvægasti þáttur samrunans felist í því að koma í veg fyrir að starfsemi Hringbrautar stöðvist og tryggja samlegð þannig að reksturinn verði sjálfbær. Með samrunanum verður rekstur Hringbrautar færður að öllu leyti inn í starfsemi Torgs.

Hvað fjölmiðlamarkaðinn varði sé nauðsynlegt að tryggja rekstrargrundvöll innlendra fjölmiðla svo hægt verði að mæta sívaxandi samkeppni af hálfu erlendra aðila. Ljóst sé að innlendir fjölmiðlar eigi verulega undir högg að sækja, vegna erlendrar samkeppni, sem birtist helst í ofgnótt afþreyingarefnis á Internetinu. Á auglýsingamarkaðnum séu alþjóðlegir risar á borð við Facebook, Snapchat, Google, Youtube og Instagram í beinni samkeppni við starfsemi innlendra miðla, og breyti þar engu hvað markaðsskilgreiningar Samkeppnisyfivalda segi hverju sinni. Staðreyndin sé sú að mun fleiri og fjársterkari aðilar en áður keppi nú um þau takmörkuðu gæði sem innlendir auglýsingamarkaður hafi upp á að bjóða. Birtingarmynd þessa á innlendan fjölmiðlamarkað sé m.a. fækkun útgefina dagblaða og tímarita hér á landi frá því sem áður var.

Á sama tíma sé hlaðið undir rekstur RÚV, með mörg þúsund milljóna króna skattfjárforskotum þess á markaði, á sama tíma sem RÚV sé „stjórnlaust“ á auglýsingamarkaði. Starfsemi RÚV sé að stórum hluta ástæða þess ástands sem til staðar sé á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Yfirvöld í landinu verði að fara að gera sér grein fyrir því að það sé engan veginn sjálfgefið í þessum veruleika að innlendir fjölmiðlar muni starfa áfram. Einn daginn gæti staðan verið sú, ef fram fer sem horfir að í landinu verði ein ríkisrekin fréttastofa.

2.2 Umsögn fjölmiðlanefndar

Í umsögn fjölmiðlanefndar frá 7. nóvember 2019 kemur fram að bæði Fréttablaðið, vefur Fréttablaðsins, Hringbraut og Hringbraut.is hafi samanlagt umtalsverða útbreiðslu hér á landi og nái til fjölda lesenda. Innihald og útbreiðsla miðlanna sé til þess fallin að þeir geti haft skoðanamótandi áhrif á almenningsálit og stjórn málaumræðu. Þannig séu líkur á því að áhrifamáttur þeirra fjölmiðla sem eiga í hlut geti verið umtalsverður.

Fram komi í samrunaskrá að rekstur Hringbrautar stefni í þrot eða verði sjálfhætt að óbreyttu og þótt rekstur Torgs hafi verið réttum megin við núllið sé ljóst að lítið megi út af bregða til að ekki fari illa. Afkoma Hringbrautar sé afleit og samrunaaðilar telji að með samrunanum verði komið í veg fyrir að starfsemi Hringbrautar leggist af. Af þessum sökum

² Hugtökin fjölbreytni og fjölræði eru ekki skilgreind í fjölmiðlalögum en í greinargerð með lögum nr. 54/2013 sem breyttu fjölmiðlalögum kemur m.a. eftirfarandi fram: „Með hugtakinu fjölræði í fjölmiðlun er þannig vísað til þess að fjölmiðlar séu ekki undir yfirráðum fárra aðila. Dreift eignarhald á fjölmiðlum er talið tryggja betur að ritstjórnarefni fjölmiðla endurspegli ólík sjónarmið. Hugtakið fjölbreytni í fjölmiðlun hefur margháttáða merkingu og vísar jafnt til þess að fjölbreytt efni sé í boði, að það efni og sjónarmið sem fram kemur sé fjölbreytt og sett fram á ólíkan hátt fyrir notendur, að mismunandi hópar og einstaklingar samfélagsins fái notið sín í fjölmiðlum og höfðað sé til þeirra með fjölbreyttum hætti, og að efni frá ólíkum landsvæðum nái jafnframt til annarra landsvæða en þar sem það er framleitt. Fjölbreytni að þessu leyti felur bæði í sér að í boði sé margbreytilegt efni, svo sem fréttir, menningarefni, fræðsluefni, íþróttir o.fl., og að efnistösk endurspegli fjölbreytt viðhorf.“ Um nánari umfjöllun um ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga og 62. gr. b. fjölmiðlalaga má t.d. vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2019, *Kaup Árvakurs hf. og 365 miðla hf. á Póstmiðstöðinni ehf.*



verði að telja að samruninn geti verið til þess fallinn að efla og styrkja umrædda fjölmiðla og tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækis sem annars myndi hverfa af markaði.

Áhrif samrunans á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði séu háð því hvernig fyrirhugað sé að ná samlegð í rekstri samrunaaðila. Fjölmiðlanefnd meti að starfsemi dagblaðsins Fréttablaðsins og sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar skarist ekki á markaði, heldur starfi þessir fjölmiðlar á ólíkum mörkuðum. Öðru máli gegni um vefmiðla samrunaaðila en starfsemi þeirra skarist, bæði á markaði fyrir vefmiðla og á markaði fyrir auglýsingar á vefmiðlum. Náið samstarf eða sameining ritstjórna og fækkun vefmiðla, ef af verði, muni hugsanlega draga úr fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Fjölmiðlanefnd telji þó ekki að áhrif á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði yrðu skaðleg.

Yfirtaka Torgs á Hringbraut fjölmiðlum muni hafa í för með sér að fjölmiðlar Torgs og Hringbrautar fjölmiðla verða í eigu eins manns í stað þess að vera í dreifðri eignaraðild fleiri aðila. Að því leyttinu til feli fyrirhugaðar breytingar í sér töluverða samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem áhrif hafi á fjölræði á markaði. Um leið sé rétt að hafa í huga að líkur séu á því að sjónvarpsstöðin Hringbraut og vefmiðillinn Hringbraut.is hverfi hugsanlega af markaði verði ekki af samruna félaganna tveggja. Þá séu hvorki Torg né Hringbraut fjölmiðlar markaðsráðandi á þeim mörkuðum sem félögin starfi á.

Að mati fjölmiðlanefndar sé ljóst að hlutur erlendra vef- og myndmiðla af auglýsingatekjum hér á landi fari stækkandi, líkt og fram komi í samrunatilkynningu. Samkeppni frá erlendum fjölmiðlaveitum hafi því áhrif á íslenskan fjölmiðlamarkað, þó að sú áhrif séu enn sem komið er minni hér á landi en í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum. Með kaupum Torgs á Hringbraut styrki Torg stöðu sína sem eitt af fjórum stærstu, einkareknu fjölmiðlafyrirtækjunum á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Fjölmiðlanefnd sé lögum samkvæmt ætlað að stuðla að fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Mikilvægt sé að á íslenskum markaði séu öflug fjölmiðlafyrirtæki sem miðli fjölbreyttu efni, þar sem ólíkum sjónarmiðum sé haldið á lofti. Að sama skapi sé mikilvægt að íslensk fyrirtæki geti keppt við erlendar fjölmiðlaveitur sem bjóði efni hér á landi til að tryggja að Íslendingum standi til boða efni á íslensku og efni sem endurspeglir íslenskt samfélag og menningu á breiðum grunni. Íslenskir fjölmiðlar séu í auknum mæli í samkeppni við erlenda afþreyingarmiðla og þurfi að bregðast við samkeppninni með því að bjóða vandað efni á samkeppnishæfu verði. Að mati fjölmiðlanefndar séu breytingarnar, sem leiði af fyrirhuguðum samruna, til þess fallnar að auka og styrkja samkeppni stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á héraðum fjölmiðlamarkaði og gera þau færari um að mæta samkeppni frá erlendum aðilum.

Með vísan til framangreinds sé það niðurstaða fjölmiðlanefndar að yfirtaka Torgs á Hringbraut hafi hvorki skaðleg áhrif á fjölræði né fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveitur starfi á, sbr. 8. mgr. 62. gr. b. laga um fjölmiðla. Af þessum ástæðum geri fjölmiðlanefnd ekki athugasemdir við samruna Torgs og Hringbrautar.

2.3 Mat Samkeppniseftirlitsins

Líkt og kom fram hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að áhrif samrunans komi einkum til með að verða á markaði fyrir útgáfu vefmiðla. Á markaði fyrir vefmiðla eru



starfandi ýmsir innlendir fréttá- og afþreyingarvefir þar sem fréttir og annað ritstjórnarefni er birt.

Markaðsrannsóknarfyrirtækið Gallup framkvæmir könnun á notkun vefmiðla á Íslandi. Samkvæmt mælingum fyrirtækisins fyrir viku 45 2019 eru vefir samrunaaðila, fréttablaðid.is og hringbraut.is, fimmtu og sjöttu stærstu vefmiðlar landsins.³4

Þrátt fyrir þessa takmörkuð hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir vefmiðla er ljóst, líkt og fram kemur í umsögn fjölmiðlanefndar, að aðrir miðlar samrunaaðila eru tiltölulega sterkir á Íslandi og geta haft skoðanamótandi áhrif í opinberri umræðu. Er þar einkum um að ræða Fréttablaðið sem nýtur töluverðrar útbreiðslu.

Ljóst er að með samrunanum verður einhver samþjöppun í eignarhaldi fjölmiðla sem almennt er til þess fallin að hafa áhrif á fjölræði og fjölbreytni að einhverju leyti. Í kjölfar samrunans mun aðeins einn hluthafi verða í sameinuðu félagi og ritstjórn miðla samrunaaðila verður að öllum líkindum í höndum sömu aðila.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga eða 8. mgr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga. Byggir það mat m.a. á því að aðalstarfsemi samrunaaðila er ekki á sama markaði, þ.e. annars vegar rekstur Fréttablaðsins og hins vegar sjónvarpsstöðvar Hringbrautar. Einnig er ljóst að samanlögð hlutdeild samrunaaðila á vefmiðlamarkaði er takmörkuð eða um 11% miðað við mælingar Gallup, sem þó mæla ekki alla vefmiðla. Ljóst er að aðrir keppinautar samrunaaðila á þessu sviði njóta umtalsverðs forskots. Þá horfir eftirlitið til þess að fjölmiðlanefnd telur að samruninn hafi ekki skaðleg áhrif á fjölræði og fjölbreytni. Loks er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að rekstur Hringbrautar hefur verið í járnum undanfarið, talsvert tap verið af rekstrinum og félagið því ekki í sterkri stöðu.

3. Framleiðsla og sala Hringbrautar á sjónvarpsefni

Í samrunaskrá kemur fram að um þriðjungur af tekjum Hringbrautar stafi frá framleiðslu á sjónvarpsefni. Í umsögn fjölmiðlanefndar er fjallað um þessar tekjur Hringbrautar og að ekki sé ljóst um hvers konar framleiðslu sé átt við, t.d. hvort þar sé átt við tekjur af framleiðslu sjónvarpsefnis fyrir þriðja aðila sem sýnt sé á Hringbraut. Í ljósi þess að fjölmiðlanefnd hafi frá árinu 2017 birt sex ákvarðanir og eitt álit í málum er varði brot á reglum um óheimilar kostanir sjónvarpsþátta á Hringbraut, þ.m.t. kostun neytendapáttar og kostun fréttatengdra þátta í aðdraganda Alþingiskosninga og íbúakosninga í sveitarfélagi, telji nefndin að skýra þurfi betur hvað sé átt við. Sé um að ræða þætti sem framleiddir séu fyrir þriðja aðila og sýndir séu á Hringbraut þurfi að tryggja að slík framleiðsla verði í samræmi við lög um fjölmiðla.

³ Miðað við innlenda netumferð. <http://topplistar.gallup.is/>.

⁴ Miðað við vefmiðlana, mbl.is, visir.is, dv.is, ruv.is, fréttablaðid.is, ja.is, hringbraut.is, Stundin.is, vb.is, grapevine.is, bbl.is og krakkaruv.is.



Í ljósi athugasemda leitaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða og upplýsinga frá samrunaaðilum vegna framangreinds með tölvubréfi, dags. 11. nóvember 2019. Í svari samrunaaðila, dags. 12. nóvember 2019, kemur fram það mat samrunaaðila að þessi framleiðsla Hringbrautar sé í samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og verði það jafnframt áfram. Svarinu fylgdu upplýsingar um framleiðslu Hringbrautar á sjónvarpsefni. Af þeim upplýsingum er ljóst að þessi framleiðsla á sjónvarpsefni hefur verið seld til ýmissa fyrirtækja.

Í fjölmiðlalögum er að finna reglur um kostun á hljóð- og myndefni. Með kostun er átt við hljóð- og myndsendingu í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka, sbr. 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. fjölmiðlalaga.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laganna er fjölmiðlum heimilt að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis. Sá áskilnaður er þó gerður að kostandi hafi ekki áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raski ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar. Þrátt fyrir heimild 1. mgr. 42. gr. segir í 2. mgr. ákvæðisins að óheimilt sé að kosta fréttauðtsendingar og fréttatengt efni. Þá má kostað efni ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Loks segir í 4. mgr. ákvæðisins að kostað efni þurfi að vera auðkennt sem slíkt með kynningu, nafni, vörumerki, öðru auðkenni kostanda eða öðrum þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er. Brot gegn framangreindu geta varðað stjórnvaldssektum skv. 54. gr. fjölmiðlalaga.

Líkt og kom fram hefur fjölmiðlanefnd sjö tilvikum frá árinu 2007 gripið til íhlutunar eða tilmæla vegna kostunar dagskrárliða á sjónvarpsstöð Hringbrautar.⁵ Til að mynda má vitna til ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 3/2019, *Kostun fréttatengdrar umfjöllunar í þættinum Miðbær Selfoss sem var sýndur á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og birtur á vef Hringbrautar 10. ágúst 2018*. Í ákvörðuninni komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að með þættinum hefði Hringbraut brotið gegn 2. mgr. 42. gr. fjölmiðlalaga, um kostun fréttu og fréttatengds efnis.

Við mat á áhrifum samrunans á fjölræði og fjölbreytni í fjölmiðlun hefur Samkeppniseftirlitið lagt til grundvallar að starfsemi samrunaaðila sé í samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga. Það er hlutverk fjölmiðlanefndar að fylgjast með því að starfsemi samrunaaðila sé í samræmi við reglur laganna, þ, á m. reglur laganna um kostanir.

4. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli

⁵ Sjá á vefsíðu fjölmiðlanefndar, <http://fjolmidlanefnd.is/hringbraut-fjolmidlar-ehf/>.



skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Við mat á áhrifum samruna á fjölmiðlamarkaði ber að taka til skoðunar hvort samruni kunni að hafa skaðleg áhrif á fjölraði og / eða fjölbreytni í fjölmiðlun á þeim markaði eða mörkuðum sem viðkomandi fjölmiðlaveita eða fjölmiðlaveitur starfa á, sbr. 8. mgr. 62. gr. b. fjölmiðlalaga.

Í kafla III. 2.3 hér að framan var fjallað um efnislegt mat Samkeppniseftirlitsins á samruna Torgs (Fréttablaðsins) og Hringbrautar. Eins og þar er rökstutt er það mat eftirlitsins að í ljósi aðstæðna í málinu séu ekki forsendur til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli ákvæða fjölmiðlalaga eða samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Torgs ehf. á öllu hlutafé Hringbrautar Fjölmiðla ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson